

Fundargerð 10. fundar efnisorðaráðs Gegnis miðvikudaginn 20. apríl 2005

Haldinn í aðalsafni Borgarbókasafns Reykjavíkur, kl. 10-12:30.

Fundarmenn: Elísabet Halldórsdóttir (verkefnisstjóri), Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og farið yfir fundargerð með tilliti þess hvaða þætti þarf að vinna áfram.

2. Skipulag námskeiðs í lyklun (sbr. liði 2 og 4)

Búið er að ganga frá húsnæði við Lois var ákveðið að senda henni lýsingu á íbúðinni.

Þórdís dreifði lista yfir þá sem hefðu forskráð sig og eru 40 manns skráðir á námskeiðið auk skipuleggjenda. Ákveðið að tala við nokkra aðila sem vitað er að eru að skrá og lykla í Gegni en eru ekki skráðir til að kanna áhuga þeirra á námskeiðinu. Fram kom að 50 manns rúmast í fundarsalnum með borðum, þannig að enn eru nokkur sæti laus.

Rætt um staðfestingu skráningar á námskeiðið. Gengið frá bréfi sem sent var af fundinum út á Bokina, Skruddu, frh-bok og fina.

3. Stefnumörkun um lyklun (sbr. liði 7 og 9)

Þórdís lagði fram skjalið: *Lyklunarþættir sem huga þarf að við stefnumörkun í lyklun og drög að gátlista* til að styðjast við vegna stefnumörkunar um lyklun og gerð gátlista. Þórdís lagði einnig fram skjalið: *Dæmi um efnisorðagjöf í Gegni* til umræðu þar sem m.a. kemur fram að valorð og vikorð eru notuð við lyklun (samheitalyklun). Rætt um nauðsyn á stefnumótun, samræmingu og verklagsreglum við lyklun í Gegni. Þórdís skýrði frá því að hún hefði skrifað Lois og spurt hvort hana um tillögur að efnisorðaforriti en svar hefði ekki borist.

4. Undirbúningur námskeiðs um lyklun (sbr. liði 3, 4 og 6)

Ákveðið að hittast bráðlega aftur huga að stefnumótun í lyklun, skipuleggja dagskrána nánar og skipta niður verkum.

Þórdís T. Þórarinsdóttir ritaði fundargerð - 24. apríl 2005